

Nd.

933. Nefndarálit

[203. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur athugað frumvarpið og fengið á sinn fund Klemens Tryggvason hágstofustjóra, sem gerði nefndinni grein fyrir vandkvæðum á framkvæmd 2. gr. frumvarpsins eins og henni var breytt í Ed.

Við umræður í nefndinni voru menn sammála um nauðsyn þess, að lög um manna-nöfn yrðu endurskoðuð, og einnig, að ef breyting verður gerð á þeim reglum, sem á undanförnum árum hafa gilt um að þeir, er hljóta íslenskan ríkisborgararétt, skuli taka sér íslenskt fornafn, verði samtímis að taka afstöðu til þeirra sem á undanförnum árum hafa orðið að breyta nöfnum sínum.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögu, sem flutt er á sérstöku þingskjali og gerir ráð fyrir að 2. gr. verði færð í upphaflegt horf, og breytingartillögu við 1. gr., sem nefndin flytur sameiginlega.

Alþingi, 19. maí 1981.

Ólafur Þ. Þórðarson,  
form.

Jósef H. Þorgeirsson,  
frsm.

Jón Ingi Ingvarsson.

Garðar S'gurðsson.

Eggert Haukdal.